

Fundur 04.03.2024

Mætt eru Hafrún, Brynjar, Arnar, Friðrik og Hannes.

Allir komnir með aðgang að vefsíðu, tölvupóst og facebook.

Tekin var ákvörðun að fylgja eftir máli sem upp kom á ársfundi varðandi störf dómarráðs. Stjórn sammælist um að óska eftir fundi með fulltrúa úr stjórn FHD og stjórn DESI til að fara yfir þeirra afstöðu til starfa dómarráðs í núverandi mynd, og til að fá fulltrúa úr stjórn FHD og stjórn DESI til þess að setja nýja stjórn Vorstedeildar inn í ný afgreitt mál er varðar atriði úr reglum dómarráðs sem fyrri stjórn Vorstehdeildar afgreiddi í samvinnu við stjórnir FHD og DESÍ. Friðrik tekur að sér að óska eftir fundarboði með fulltrúa frá FHD og stjórn DESI

Farið yfir Royal Canin samninginn.

Farið yfir fjármál deildarinnar og hver innistæðan er.

Farið yfir dómara fyrir næsta veiðipróf og hausprófið.

Komin tillaga að prófstjóra fyrir fyrsta prófið. Friðrik tekur að sér að bóka Sólheimakot fyrir komandi próf

Farið yfir næstu skref í ræktunarstefnu deildarinnar.

Stungið uppá að halda prófstjóranámskeið til að virkja fleiri inn.

Fundið plagg frá RSK fyrir stjórnarskiptin, það þarf að prenta það út og við öll að skrifa undir.

Farið yfir póst frá Fuglahundadeild vegna einkunna. Arna Ólafsdóttir (FHD) sendi tillögu að stigatöflu fyrir samantekt á árangri hunda innan grúppu 7 á veiðiprófum fyrir félagsrit HRFÍ, Sámur. Stjórn samþykkir tillögu. Stigatafla fyrir Sám er óháð stigatöflu Vorstehdeildar

Farið var yfir póst frá Ólafi Ragnarssyni (DESI) um tillögur um breytingar á veiðiprófsreglum. Þetta verður skoðað nánar.